

Reglugerð um breytingu á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010 og reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010.

1. gr.

1. málslíður 9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2016.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010.

2. gr.

9. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi að undanskilinni grein 6.4 í viðauka I við reglugerðina sem tekur gildi 1. janúar 2016.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 28. gr. e., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 1144/2012 um breytingu á reglugerð um almannaflyg flugvéla, nr. 694/2010 og reglugerð um almannaflyg þyrlna, nr. 695/2010 og reglugerð nr. 627/1983, um lágmarksbúnað loftfara.

Innanríkisráðuneytinu, 10. desember 2014.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.